



Reykjavík, 15. ágúst 2024
USK24070113

Engjavegur 6 – Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. júlí 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júlí 2024 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir skilti, 6x4m, á vesturgafli húss á lóð nr. 6 við Engjaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd, ja.is. (tekin 08. 2023)

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Engjaveg 6 borgarhluta 4 Laugardalur og er hluti af samfélagsþjónustu S12 - Laugardalshöll.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag fyrir Laugardalur-vesturhluti, samþykkt í borgarráði 19. september 2000, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 6 við Engjaveg er steinsteypt atvinnuhúsnæði, byggt árið 1964.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi leyfi fyrir stafrænu auglýsingaskilti á vesturgafli matshluta 3 við Engjaveg 6. Um er að ræða 6x4 metra flöt með 1-2 skjáum.

Í greinagerðinni „*Samþykkt um skilti*“ er fjallað um stafræn skilti í kaflanum 4.2 *Skilti á íbúðarsvæðum, samfélagsþjónustu*, en þar segir að „Stafræn skilti (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) með/án hreyfimyndir eru óheimil, þ.á.m. þjónustuskilti eða veggspjöld sem vísa út á götu með nafni fyrirtækis eða auglýsingum.“

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið, óheimilt er að setja upp stafræn skilti á samfélagsþjónustusvæði.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Katrín Eir Kjartansdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík